

Laugardaginn 9. desember 1939.

Nr. 28/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f**
 gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands.

Varadómari Sigurgeir Sigurjónsson cand. jur. í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Mál út af því, hvort tiltekið ákvæði í vinnusamningi væri fallið niður vegna breyttra aðstæðna frá því er samningurinn var gerður.

Dómur.

Árið 1933 tók Eimskipafélag Íslands h/f. matsöluna á skipum félagsins í sínar hendur, og hinn 10. febrúar 1933 gerði félagið samning við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, og var svo ákvæðið í 6. gr. hans, að „tala starfsfólksins við veitingastörf í skipum félagsins haldist óbreytt frá því, sem verið hefir ...“. Hinn 3. maí 1938 var gerður nýr samningur milli þessara aðilja, og var 6. gr. hins eldra samnings tekin upp óbreytt sem 4. gr. hins nýja samnings. Skyldi samningur þessi gilda til 1. apríl 1939, og áfram um eitt ár í senn, ef honum væri ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara, miðað við 1. apríl ár hvert. Hinn 7. október s. l. gerðu aðiljar máls þessa, ásamt öðrum, samning sín á milli um stríðsáhættuþóknun og stríðstryggingu vegna yfirstandandi Norðurálfríðar. Þegar verið var að vinna að þeim samningi, varð ágreiningur út af framangreindu samningsákvæði um tölu veitingafólksins. Vildu skipaeigendur ekki ganga að þeirri launahækkun, sem stríðsáhættuþóknunin hefði í för með sér, ef þeir þyrftu að hafa fleira fólk á skipunum en aðstaðan vegna ófriðarins gerði nauðsynlegt, en Matsveina- og veitingaþjónafélagið vildi hvorki viðurkenna, að ákvæðið í 4. gr. samningsins frá 3. maí 1938 gæti ekki gilt lengur vegna hins breytta ástands, né heldur fallast á það, að gera á því nokkrar breytingar. Varð loks að samkomulagi, að það skyldi lagt undir þennan dóm, hvort framangreint ákvæði 4. gr. samningsins frá 3. maí 1938, um tölu starfsfólks, væri í gildi áfram „þrátt fyrir þá nýju aðstöðu, sem

ófriðurinn hefur skapað.“ Var samkomulag þetta tekið upp í 4. gr. frammanfunds sammings frá 7. okt. s. l.

Samkvæmt þessu hefur stefnandi höfðað mál þetta hér fyrir dómi með stefnu, dags. 16. nóv. þ. á., og gerir hann þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 4. gr. sammings h/f. Eimskipafélags Íslands við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, dags. 3. maí 1938, skuli frá 7. okt. þ. á. að telja og meðan ófriðurinn helzt, eigi talin í gildi um tölu starfsfólks við veitingastörf í skipum félagsins, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að framangreint sammingsákvæði um tölu veitingafólks sé að sjálfsögðu miðað við venjulegt ástand í siglingum á friðartímum, en nú hafi á því orðið svo róttækar breytingar, að horfinn sé sá grundvöllur, er sammingsákvæði þetta var byggt á, og beri því að fella það úr gildi. Er það einkum fernt, sem hann byggir á: Í fyrsta lagi hafi farþegaflutningur minnkað mjög mikið og á sumum siglingaleiðum lagzt niður með öllu. Sé því ekki þörf fyrir nema litinn hluta af því fólki, sem nauðsynlegt sé við veitingastörf í skipunum á venjulegum tímum. Í öðru lagi hafi útgjöldin stórauðizt vegna stríðsáhættuþóknunar og sérstakrar stríðstryggingar, og komi ekki til mála, að hann þurfi að greiða laun til fólks, sem engin þörf sé fyrir og sem ekkert hafi að gera. Þá sé það mikið öryggismál fyrir skipshafnir, að ekki séu fleiri menn á skipunum en nauðsynlegt sé, og loks hafi 2. farrými á sumum skipunum verið lagt alveg niður, með því að skipshafnirnar, sem töldu sér öruggari dvöl þar, hafi fengið leyfi til þess að búa þar.

Stefndi hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda. Telur hann, að óheimilt sé með öllu að fella úr gildi slíka samminga og hér er um að ræða, að öllu eða nokkru leyti, þó annað ástand skapist heldur en var, þegar samningar voru gerðir. Þeir geti aðeins fallið úr gildi fyrir uppsögn. Þá mótmælir hann því og, að sammingsákvæði það, sem um er deilt, sé miðað sérstaklega við venjulega tíma, heldur sé það einmitt miklu fremur sett til þess að tryggja meðlimi Matsveina- og veitingaþjónafélagsins gegn því, að stefnandi geti fækkað þessu starfsfólki sínu, ef hann, vegna óhagstæðara ástands, teldi sér hag í því. En enda þótt heimilt væri að rifta

eða að fella úr gildi framangreint samningsákvæði vegna breytts ástands, þá mótmælir hann því eindregið, að slíkar ástæður séu fyrir hendi í þessu tilfalli, og hefur hann véfengt útreikninga og skýrslur stefnanda um þessi atriði.

Telja verður, að ekki sé útilokað, að vinnusamningar, slíkir sem um er að ræða í máli þessu, geti að meira eða minna leyti fallið úr gildi, ef aðstæður breytast svo, að því er samningsaðilja varðar, að telja má að grundvöllur sá, er samningurinn hvílir á, sé með öllu á brott fallinn. Hins vegar hljóta þeir, sem slíka samninga gera, að taka á sig áhættu af því, að þær breytingar geti orðið á samningstímabilinu, er leiði til óhagkvæmari niðurstöðu fyrir aðilja en gert var ráð fyrir, þegar samningurinn var gerður. Nú er það svo í máli því, er hér liggur fyrir, að stefnanda er það óhagkvæmt að þurfa að hafa í þjónustu sinni og á launum fólk, sem telja má, eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, að hann hafi ekki fulla þörf fyrir. En með tilliti til þess, sem að ofan greinir um sjálf-sagða áhættu aðilja og þess, að stefnandi hefur, eins og áður, skip sín búin til farþegaflutninga, og telja verður, að hann hafi, þrátt fyrir miklar líkur um mjög minnkandi farþegaflutninga, að meira eða minna leyti möguleika til þess að fá bætt þau aukin fjárútlát, sem ætla má að hann verði fyrir vegna skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum við stefnda, þá verður ekki litið svo á, að hann hafi rétt til þess að losna frá oftnefndu samningsákvæði gegn vilja hins samningsaðiljans. Er þá einnig m. a. höfð hliðsjón af því, að með brottfalli nefnds samningsákvæðis væri stefndi, unz hann gæti sagt samningnum upp, með öllu sviptur þeim rétti, er hann nú hefur, til ihlutunar um það, hversu margt fólk ynni að störfum þeim, sem hér um ræðir, en viðurkennt er af stefnanda, að enn þá a. m. k. þurfi hann að hafa þó nokkuð af starfsfólki í þessari starfsgrein.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einn dómaraanna, Kjartan Thors, hefur ekki getað fallið á ofanritaða niðurstöðu. Telur hann, að forsendunum fyrir hinu umdeilda samningsákvæði sé nú algerlega umturnað af ástæðum óviðráðanlegum og fyrir stefnanda lítt fyrirjáanlegum. Telur hann því, að taka beri kröfur stefnanda til greina, að því er snertir ákvæði 4. gr. samningsins frá 3. maí 1938.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.